

Fundargerð 385. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, þriðjudaginn 17. maí kl. 18:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Húsavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 384. fundar frá 29. apríl sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur 2015 - 1602002HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2015 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara og skoðunarmönnum hafnasambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

3. Verstöðin Ísland - 1605004HA

Lagt fram minnisblað frá Íslenska sjávarklasanum, dags. 8. apríl 2016, um skýrslu klasans um umfang hráefnisflutninga um Ísland og þróun í landfræðilegri dreifingu sjávarútvegsins til framtíðar. Hafnasambandinu býðst að kaupa skýrsluna og myndu samtökin einnig fá öll gögn greiningarinnar afhent á excel formi og allar myndir ásamt samandregnum niðurstöðum á Power Point formi.

Stjórn samþykkir að veita 250.000 kr. til kaupa á skýrslunni í samstarfi við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Niðurstöður skýrslunnar verða kynntar á hafnasambandsþingi í haust.

4. Tilraunaverkefni um meðhöndlun sorps ásamt móttöku og flokkun í höfnum. - 1605003HA

Lagt fram erindi frá Klappir Development, dags. 9. maí 2016, þar sem óskað er eftir að hafnasambandið verði þátttakandi í tilraunaverkefni sem miðar að því að skráning og úrvinnsla gagna í tengslum við móttöku á sorpi verði á rafrænu formi.

Máli frestað til næsta fundar. Starfsmanni falið að óska eftir frekari upplýsingum svo stjórn geti tekið afstöðu til málsins.

5. Útblástur og landtenging skipa - 1605005HA

Lagt fram minnisblað frá Faxaflóahöfnum, dags. 27. apríl 2016, um útblástur skipa og landtengingar skipa.

Ísland hefur skuldbundið sig samkvæmt COP 21 að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Til að ná þeim markmiðum þarf miklar fjárfestingar í innviðum samfélagsins, þannig að unnt sé að auka verulega notkun á rafmagni.

Hafnasjóðir landsins hafa í auknum mæli á seinustu áratugum boðið upp á landtengingar skipa en til að unnt verði að landtengja stærri skip en nú er mögulegt þarf að fjárfesta enn frekar í innviðum. Hafnarsjóðir eru almennt reiðubúnir að takast á við þetta verkefni, en ljóst er að það er ekki raunhæft nema með myndarlegri þátttöku og framlögum ríkisins og samstarfi við raforkufyrirtæki.

Bent er á að fleiri leiðir eru til að nálgast þau markmið sem Ísland hefur skuldbundið sig til að ná og leggur stjórn Hafnasambands Íslands til að umhverfisráðherra skoði alvarlega hvort ekki sé rétt að lögfesta viðauka VI við MARPOL samninginn og gera umhverfislögsögu Íslands að ECA svæði.

6. Stefnumótunarnefnd hafnasambandsins 2014-2016 - 1604003HA

Guðný gerði grein fyrir vinnu stefnumótunarnefndar sem stefnir á að klára sína vinnu í júní.

Til kynningar.

Í lok fundar þakkaði Már Sveinbjörnsson innilega fyrir samstarfið á liðnum árum en hann er að láta af störfum sem hafnastjóri Hafnarfjarðarhafna og mun því stíga úr stjórn hafnasambandsins.

Stjórn þakkar Má fyrir ötult starf hans í þágu samtakanna.

Fundi var slitið kl. 19:00

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Valur Rafn Halldórsson